REGLUR

um (1.) breytingu á reglum nr. 765/2000 um endurgreiðslu slysatrygginga fyrir sjúkrahjálp samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Sjúkraþjálfun.

Nauðsynleg sjúkraþjálfun vegna beinna afleiðinga slyss greiðist að fullu úr slysatryggingum samkvæmt samningum sjúkratrygginga, sbr. 1. gr. Iðjuþjálfun og talþjálfun greiðist ekki úr slysatryggingum.

2. gr.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og öðlast gildi 1. mars 2002.

Tryggingastofnun ríkisins, 13. febrúar 2002.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

Nr. 149 11. febrúar 2002

REGLUR

um Tónlist fyrir alla.

1. gr.

Hlutverk *Tónlistar fyrir alla* er að kynna nemendum í íslenskum skólum, einkum á grunnskólaaldri, ólíkar tegundir tónlistar í lifandi flutningi listamanna með það að markmiði að efla þekkingu þeirra og skilning á tónlist. Stefnt skal að því að allir nemendur fái notið *Tónlistar fyrir alla* einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.

2. gr.

Til þess að gegna hlutverki sínu skal *Tónlist fyrir alla*, í samstarfi við sveitarfélög og hagsmunasamtök og eftir því sem fjárheimildir leyfa, skipuleggja fjölbreytt tónleikahald í skólum landsins og láta útbúa námsefni og leiðbeiningar fyrir nemendur og kennara til að undirbúa tónleikana og til að fylgja þeim eftir. Skólatónleikar *Tónlistar fyrir alla* skulu að jafnaði vara í eina kennslustund, falla eðlilega að starfi skólans og fara fram innan veggja hans. Undantekningar geta verið þar á t.d. varðandi tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og flutning á vegum Íslensku óperunnar.

Gefa skal út yfirlit yfir tónleikana tvisvar á ári, fyrir vorönn og fyrir haustönn.

3. gr.

Tekjur *Tónlistar fyrir alla* eru:

a) árleg fjárveiting á fjárlögum,
b) gjald sem sveitarfélög greiða fyrir hvern nemanda sem sækir tónleika,
c) styrkir frá stofnunum, fyrirtækjum, sjóðum, samtökum eða einstaklingum,
d) og aðrar tekjur sem verkefninu kunna að hlotnast.